



Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna nýs sorpflokkunarsvæðis í landi Grímsstaða

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áformar að setja upp sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða norðan Mývatns. Gámasvæði hefur verið við Múlaveg í Reykjahlíð (svæði 123-I) en þörf er fyrir stærra svæði þar sem rými verður fyrir flokkun úrgangs til brottflutnings og endurvinnslu. Stefnt er að því að koma upp móttöku- og flokkunarsvæði við Þjóðveg 1 norðan afleggjara að Rönd, suðaustan við Bæjaröxl. Svæðið verður afgirt og vaktað, um 2.200 m² í fyrsta áfanga en gert er ráð fyrir allt að 4.000 m² svæði til framtíðar. Af þessum sökum þarf að breyta Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að sett verði inn tákni fyrir iðnaðarsvæði á uppdrátt og settir skilmálar um landnotkun og nýtingu í greinargerð. Iðnaðarsvæðið verður sérhæft til þessara nota

Þegar vinna við breytingu á aðalskipulagi hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með fimmtudeginum 6. maí til og með fimmtudeginum 27. maí 2015. Lýsingin verður og aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://myv.is> undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 26. maí til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Bjarni Reykjalin
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps